



Minnisblað

Viðtakandi Velferðarnefnd Alþingis
Sendandi Heilbrigðisráðuneyti

Dagsetning 29. maí 2024
Málsnúmer HRN24010075

Uppfært minnisblað vegna frumvarps heilbrigðisráðherra til sóttvarnalaga.

Með tölvupósti, dags, 23. maí sl., óskaði nefndarmaður velferðarnefndar Alþingis, eftir uppfærðu minnisblaði frá heilbrigðisráðuneytinu þar sem fram kæmu upplýsingar um umsagnir vegna 867. máls, frumvarps til sóttvarnalaga, sem bárust nefndinni. Hér á eftir fer uppfærsla á því sem fram kom í minnisblaði frá heilbrigðisráðuneyti, dags. 25. apríl 2023 vegna 529. máls á 153. löggjafarþingi.

Vegna framlagningar á 154. löggjafarþingi voru 46 umsagnarbeiðnir sendar vegna frumvarpsins og bárust 10 umsagnir. Í þessu uppfærða minnisblaði eru þær umsagnir og viðbrögð ráðuneytis *skáletrað til aðgreiningar*.

Embætti landlæknis

Landlæknir bendir á að lögin eigi að fjalla um „varnir gegn smitsjúkdómum, alvarlegum sjúkdómum“ sem sé of víð skilgreining þar sem margir sjúkdómar séu alvarlegir án þess að hafa nokkuð með verksvið sóttvarnalækni að gera. Ákveðið ósamræmi sé á milli 2. og 3. gr. þar sem í 3. gr. er nánar fjallað um þá sjúkdóma sem löginn taki til.

Heilbrigðisráðuneyti telur ekki þörf á því að bregðast við þessari ábendingu enda tiltekið í skilgreiningu á alvarlegum sjúkdómum í frumvarpinu að um sé að ræða „smitsjúkdóm sem...“ þ.e.

Landlæknir bendir á að í 4. gr. 12. tölul., sé smitrakning skilgreind og að hún fari fram með „nákvæmu samtali“ og einnig er nefnd „önnur upplýsingaöflun“. Í heimsfaraldri COVID-19 voru niðurstöður raðgreininga og mótefnaeininga sem og niðurstöður úr appi einnig notaðar. Þetta mætti nefna sérstaklega því líklegt er að slík gögn yrðu notuð í nýjum faraldri. Dæmi um texta væri „Heimilt er að nota niðurstöður raðgreininga og mótefnaeininga við smitrakningu eftir því sem við á og enn fremur þar til gert smáforrit (app) enda hafi það staðist ítrustu öryggis- og persónuverndarkröfur“.

Ráðuneytið telur ekki þörf á að svo nákvæmri lýsingu í lagatexta en mætti nefna í nefndaráli að nefndin telji smitrakningu með þessum hætti falla innan skilgreiningar laganna.

Landlæknir bendir á varðandi 5. gr. að fyrirkomulagið hvað varði stjórnsýslulega staðsetningu sóttvarnalækni hjá embætti landlækni hafi sannað sig í heimsfaraldri COVID-19 og aldrei hafi verið uppi vandamál varðandi samstarf og ábyrgðarsvið landlækni og sóttvarnalækni. Embætti landlækni hafi sinnt margvíslegum verkefnum í gegnum faraldurinn, fyrir utan lögbundin verkefni eins og eftirlit með heilbrigðisþjónustu, eftirliti með lýðheilsu og ráðgjöf ýmiskonar. Verkefni sem tengjast faraldrinum og hlutverki sóttvarnalækni hafi verið unnin af fjölmörgum starfsmönnum embættisins, sem dæmi voru að jafnað 10 stöðugildi embættis landlækni að sinna verkefnum tengd faraldrinum, fyrir utan starfsmenn sóttvarnasviðs, árið 2020.

Þessi verkefni hafi til dæmis verið:

- Hugbúnaðarþróun rafrænna kerfa
- Vinna við gagnagrunna
- Úrvinnsla og vöktun gagna
- Tölvumál ýmiss konar

- Heimsiðugerð vegna upplýsingagjafar
- Upplýsingagjöf og svörun fyrirspurna
- Ráðgjöf og viðbrögð vegna persónuverndarmála
- Símsvörun
- Smitrakning
- Mannaráðningar og starfsmannamál
- Umsýsla fjármála tengt faraldri
- Skjalavarsla

Vissulega hafi þurft að hægja á mörgum verkefnum hjá embættinu þegar hæst stóð en þessi „harmóníkuáhrif“ skiptu miklu til að viðbrögð við faraldrinum væru snögg og markviss.

Ráðuneytið bendir á að frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir breytingu á verkefnum embættis landlæknis, heldur einungis að sóttvarnalæknir verði skipaður af ráðherra.

Landlæknir bendir á að í 7. gr. sé nefnt að samstarfsnefnd um sóttvarnir skuli hafa aðsetur hjá embætti landlæknis. Æskilegt væri að skýra hvað aðsetur hjá embætti landlæknis inniberi enda er í 8. gr. sama tilgreint varðandi farsóttarnefnd.

Ráðuneytið telur aðsetur ekki þarfnast frekari skýringa.

Landlæknir bendir á að fyrir utan þá sjö aðila sem skipaðir verði í farsóttanefnd sé einmitt afar mikilvægt að það ákvæði að farsóttanefnd sé heimilt að kveðja til tvo aðila til viðbótar í setu í nefndinni ef ástæða þykir til. Sem dæmi um þá þekkingu sem nauðsynleg getur verið, má nefna að snemma kom í ljós hve mikilvægt er að hafa getu til að stunda rannsóknir á faraldri eins og COVID-19 um leið og unnið er gegn útbreiðslu og afleiðingum hans. Nýfengin reynsla sýni að ekki hafi eingöngu verið hægt að treysta á hið alþjóðlega vísindasamfélag. Staða faraldurs og stökkbreytingar veiru breyttust hratt og skilaboð að utan hafi á stundum misvísandi. Þess vegna hafi samstarf við Íslenska erfðagreiningu verið afar mikilvægt; til að sækja nýja þekkingu, til að efla getu til rýni og greininga á gögnum auk þess sem niðurstöður skimana og rannsókna voru beinlínis mikilvægar fyrir ákvarðanatöku. Þá hafi gerð og notkun spálíkans, í samstarfi við fjölda vísindamanna, m.a. frá Háskóla Íslands verið afar mikilvæg. Þá geti þurft að samhæfa öflun þeirrar þekkingar sem á skortir hverju sinni. Það geti því verið mikilvægt að hafa til staðar, innan farsóttanefndar getu til þess að vefa saman sóttvarnir og vísindalegar rannsóknir á þeim faröldrum sem kunna að ganga yfir.

Landlæknir bendir á að þegar fjallað er um farsóttarskrá ætti að koma fram að gætt sé fyllsta öryggis en ekki bara trúnaðar um þær viðkvæmu persónuupplýsingar sem þar geta verið.

Að lokum telur landlæknir að nefna ætti að sóttvarnalækni verði skylt að meta og veita leyfi fyrir notkun nýrra greiningarprófa fyrir smitsjúkdómum. Skv. 3. gr. reglugerðar nr. 415/2004 um starfsemi rannsóknastofa sem stunda greiningu á sjúkdómum sem sóttvarnalög taka til er tilgreint: „Nándarrannsóknir (point of care testing) til greiningar á sjúkdómum sem sóttvarnalög taka til, skulu gerðar undir eftirliti og á ábyrgð rannsóknastofu með starfsleyfi. Að fenginni umsögn landlæknis getur ráðherra heimilað notkun skyndigreiningarprófa til greiningar á sjúkdómum, sem sóttvarnalög taka til“. Nær væri að það væri sóttvarnalæknir en ekki landlæknir sem skilaði ráðherra slíkri umsögn.

Heilbrigðisráðuneytið bendir á að um sjálfspróf gilda lög nr. 132/2020 um lækningataeki og reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/745 og 2017/746. Ákvæði um þessi efni eigi þ.a.l. ekki heima í sóttvarnalögum.

Embætti landlæknis - sóttvarnalæknir:

Sóttvarnalæknir telur frumvarpið almennt til bóta og skýrara að uppsetningu og skipulagi en gildandi lög. Sóttvarnalæknir gerir athugasemd við þá breytingu sem gerð hefur verið frá síðustu framlagningu frumvarpsins að einstaklingur með alvarlegan eða sanfjélagshættulegan sjúkdóm geti hefnað meðferð. Munurinn á smitsjúkdómum og öðrum ómeðhöndluðum sjúkdómum er að smitsjúkdómar ógna öðrum.

Sóttvarnalæknir telur að það væri skýrara ef hugtakið „skimun“ í 11. tölul. 4. gr. væri skilgreint nánar í frumvarpinu sjá, fu en ekki látið við það si, ja að skilgreina hugtakið með nánari hætti í greinargerð með

frumvarpinu. Einnig væri, að mati sóttvarnalæknis, hægt að nota hugtakið vöktun eins og það er almennt notað og skýra skimun sérstaklega sem sýnatöku eða heilbrigðis skoðun. Enn fremur telur sóttvarnalæknir að skýra megi betur hvenær sjúkdómar af völdum eitrefna falli undir sóttvarnalækni og eigi e.t.v. við þegar hættu er á að eitrefni dreifist um og ógni almannaheill (t.d. vegna mengunar matvæla eða eituráhrif vegna gasa frá eldgosi.

Heilbrigðisráðuneytið telur að skoða megi hvort að rétt sé að skýra cfangreind atriði betur.

Sóttvarnalæknir telur að rétt væri að stofna formlega ráðgefandi hóp fyrir almennar bólusetningar (e. National immunization technical advisory group – NITAG) þar sem sóttvarnaráð verður lagt niður í núverandi mynd skv. frumvarpinu en það hefur að hluta til nýst sem ráðgefandi hópur fyrir almennar bólusetningar. Tiltekur sóttvarnalæknir að engar aðgerðir sóttvarna séu jafn í flugar og almennar bólusetningar til að hefja útbreiðslu smitsjúkdóma. Bendir sóttvarnalæknir á að WHO mæli með að lönd hafi slíkan ráðgefandi hóp sem samanstandi af innlendum sérfræðingum sem veita sjórnvöldum tæknilegar og vísindalegar leiðbeiningar um bólusetningarstæfni.

Ráðuneytið bendir á að í frumvarpinu er sérstaklega tilgreint að sóttvarnalæknis sé heimilt að stofna slíkan hóp á grundvelli 6. gr. frumvarpsins. Jafnframt má benda á að skv. 3. mgr. 40. gr. frumvarpsins er ráðherra heimilt að se. ja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og samræmingu ónæmisaðgerða. Í slíkri reglugerð væri að mati ráðuneytisins unnt að koma á fót slíkum hópi formlega. Þannig ætti hópurinn stóð í lögum sem er eitt af lágmarksskilyrðum WHO fyrir slíkum hópi.

Í 12. gr., sem er samhjöfa ákvæði 7. gr. nýgildandi sóttvarnalaga, hefur orðinu „hlutaðeigandi“ verið skipt út fyrir orðið „viðkomandi“. Sóttvarnalæknir telur að orðið sé óskýrt um hvern sé verið að ræða og geti bæði átt við um lækni og einstakling sem haldinn er smitsjúkdómi. Heilbrigðisráðuneytið telur að ákvæðið gæti verið skýrara með því að bæta við orðinu „einstaklingur“ á eftir orðinu „viðkomandi“. Það myndi fyrirbyggja mögulegan misskilning um það sem á eftir kæmi ætti við um „viðkomandi einstakling“.

Sóttvarnalæknir telur að skýra þurfi betur hvort reglugerð nr. 415/2004, um starfsemi rannsóknastofna sem stunda greiningu á sjúkdómum sem sóttvarnalög taka til, taki breytingum vegna 15. gr. frumvarpsins sem kveður til um breytingar á leyfisveitingu rannsóknastofna. Heilbrigðisráðuneytið telur jóst að reglugerðin komi til með að taka breytingum, einkum vegna þess að verði frumvarpið að lögum muni sóttvarnalæknir gefa út starfsleyfi til rannsóknastofna en ekki ráðherra líkt og fram kemur í gildandi lögum.

Í 38. gr. er gert ráð fyrir að sóttvarnalæknir hafi umsjón með afhendingu, dreifingu og notkun öryggisbirgða lyjja og lækningatækja og annars nauðsynlegs búnaðar. Sóttvarnalæknir hefur umsjón með öryggisbirgðum lyjja. Þá hefur hann hafi lager sprauta og nála. Vill sóttvarnalæknir fá á hreint hvort með frumvarpinu sé átt við einhver önnur lækningatæki. Þá tiltekur sóttvarnalæknir að ekki sé til eitrefna búnaður. Heilbrigðisráðuneytið telur að svör við slíkum spurningum eigi ekki heima í frumvarpinu eða greinargerð með því. Ráðherra hefur heimild til að se. ja reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðisins en kröfur og þarfir geta breyst.

Varðandi 39. gr. þá leggur sóttvarnalæknir til breytingu á orðalagi um gjaldtöku, þ.e. að gjaldtaka fyrir heilbrigðisþjónustu eigi ekki við þegar að um samfélagshættulegan sjúkdóm er að ræða. Ráðuneytið telur ekki rétt að breyta í frumvarpi heldur mætti skoða nánar greiðsluþátttöku með undanþágu í reglugerð.

Geislavarnir ríkisins

Gera athugasemd við skilgreiningu á smitsjúkdómi í 13. tölul. 4. gr. frumvarpsins. Eiga Geislavarnir ríkisins erfitt með að skilja að heilsufarslegar afleiðingar (eiturefna og) geislavirkra efna séu skilgreindar sem smitsjúkdómur eins og gert er í frumvarpinu. Bendir stofnunin jafnframt á sambærilega umsögn sóttvarnalækni um frumvarp til sóttvarnalaga sem lagt var fram á 152. löggjafarþingi. Þykir geislavörnum ríkisins rétt að leggja til að „og alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar“ falli brott í skilgreiningu á „smitsjúkdómi“. Geislavarnir ríkisins höfðu áður komið með umsögn í samráðsgátt þegar drög að frumvarpinu voru til umsagnar á þeim grundvelli. Var það vilji þeirra þá jafnt sem nú að orðasambandið „heilsufarslegar afleiðingar“ yrði fellt brott úr skilgreiningunni.

Heilbrigðisráðuneytið telur ekki rétt að fella orðasambandið brott úr skilgreiningunni. Ráðuneytið hefur verið í samskiptum við Geislavarnir vegna fyrri umagnar stofnunarinnar. Ráðuneytið brást við og setti inn sjúkdómseinkenni inn í skilgreininguna en fellst ekki á að fella brot heilsufarslegar afleiðingar.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Bendir á að í dag séu umdæmislæknar tilnefndir af ráðherra samkvæmt tillögu sóttvarnalækni. Undir hverjum umdæmislækni starfi síðan svæðislæknar sóttvarna, sem skipta með sér svæðum umdæmis ef það er mjög stórt. Leggur stofnunin til að þetta skipulag, sem tíðkast hefur, komi fram í nýjum lögum.

Heilbrigðisráðuneytið bendir á að núverandi fyrirkomulag, sem gerir ráð fyrir svæðislæknum sóttvarna sem starfi undir hverjum umdæmislækni, á sér ekki stoð í lögum. Skv. núgildandi 4. mgr. 4. gr. sóttvarnalaga, sem tekin er óbreytt upp í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins, tilnefnir ráðherra umdæmislækna sóttvarna úr hópi lækna þeirra heilsugæslustöðva sem ríkið rekur í hverju sóttvarnarumdæmi samkvæmt tillögu sóttvarnalækni. Í lokamálslið greinarinnar segir að tilnefna megi fleiri en einn lækni í hverju sóttvarnaumdæmi sem umdæmislækni sóttvarna. Ekki er að sjá á reglugerðum sem tengjast sóttvörnum að gert sé ráð fyrir svæðislæknum sóttvarna, sem starfa undir umdæmislæknum, auk umdæmislækna heldur einungis hægt að tilnefna fleiri en einn lækni í hverju sóttvarnaumdæmi sem umdæmislækna sóttvarna.

Kristján Fr. Kristjánsson

Eina umsögnin sem kemur frá einstaklingi. Umsögn þessi kemur án þess að hafa verið send umsagnarbeiðni. Mótmælir harðlega og gerir athugasemdir við að ráðherra og sóttvarnalækni sé veitt víðtækt vald til athafna.

Guðmundur Karl Snæljörnsson, læknir

Umsögnin byggir á þremur atriðum sem varða formsatriði frumvarpsins, ekki eru gerðar athugasemdir við efnislegt innihald frumvarpsins.

Heilbrigðisráðuneytið sér ekki ástæðu til að bregðast við athugasemdum í umsögn.

Landspítalinn

Vill í fyrsta lagi að hugtakið „ónæmisáðgerðir“ verði fjarlægt úr 4. gr. frumvarpsins um orðskýringar og þar sem það kemur fram á öðrum stöðum í frumvarpinu og í stað þess komi hugtakið „ónæmisörvun“. Telur Landspítalinn að „ónæmisáðgerðir“ sé gamalt orðtak sem misst hafi gildi sitt við tilkomu fjölda lyfja og efna sem hafi áhrif á starfsemi ónæmiskerfisins. Leggur Landspítali því til að 8. tölul. 4. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

Ónæmisörvun: Skipulögð aðgerð sem örvar ónæmiskefni einstaklings til að koma í veg fyrir smitsjúkdóm og að smitsjúkdómur dreifist í samfélaginu eða til að halda smitsjúkdómi í skeiðjum, svo sem með bólusetningu og gjöf mótefnis.

Einnig yrði „ónæmisáðgerðir“ þá skipt út fyrir „ónæmisörvun“ í 6., 11., 30. og 33. gr. frumvarpsins.

Heilbrigðisráðuneytið telur að fallast eigi á tillögu Landspítala.

Þá telur Landspítali að nauðsynlegt sé að sóttvarnalæknir hafi sér til ráðgjafar hóp með viðtæka sérþekkingu, á því sviði sem sóttvarnaráð sinni skv. gildandi lögum, og ekki einungis á tímum faraldurs. Þá telur Landspítali æskilegt að hópurinn sé óháður en ekki að sóttvarnalæknir velji sjálfur til hverra skuli leita líkt og heimilt er skv. 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Í 7. gr. frumvarpsins er fjallað um samstarfsnefnd um sóttvarnir. Landspítali setur spurningamerki við að hvorki sé gert ráð fyrir að í nefndinni sitji aðili með þekkingu á smitsjúkdómum í mönnum né aðili sem hefur sérþekkingu á greiningu smitsjúkdóma í mönnum. Að mati Landspítala sé það nauðsynlegt til að geta brugðist við á réttan hátt. Þá þykir Landspítala að gæta þurfi jafnræðis í kröfum varðandi fagþekkingu nefndarmanna.

Heilbrigðisráðuneyti bendir á að gert er ráð fyrir að sóttvarnalæknir, með sína sérþekkingu, sitji í nefndinni og verði formaður hennar.

Landspítali gerir jafnframt athugasemdir við skipan farsóttarnefndar skv. 8. gr. frumvarpsins. Þykir Landspítala rétt að gerð sé krafa um þekkingu allra þeirra fulltrúa sem sitja í nefndinni, á efninu en ekki hluta þeirra líkt og frumvarpið gerir ráð fyrir. Þá myndi Landspítali vilja að bætt væri við nefndina fulltrúa sem hefur þekkingu á greiningu smitsjúkdóma og tengingu við rannsóknarstofur, enda skipti greiningargeta og aðgengi að rannsóknum miklu máli í viðbrögðum við smitsjúkdómum.

Heilbrigðisráðuneytið setur sig ekki á móti tillögunni.

10. gr. frumvarpsins kveður á um samvinnu stofnana. Í 3. másl. 1. mgr. 10. gr. segir að sóttvarnalæknir skuli hafa samvinnu við Landspítala vegna sóttvarna. Landspítali vill að einnig sé tilgreind samvinna sóttvarnalæknis við Landspítala: „vegna greiningar smitsjúkdóma.“ Landspítalinn telur að núverandi lög og reglugerðir um lækningatæki setji skýrar kröfur varðandi gæðaeftirlit og vottun rannsóknastofa og vill að frumvarpið taki mið af þeim kröfum. Heilbrigðisráðuneytið telur ekki þörf á breytingu frumvarpsins vegna þessa. Reglugerðarákvæði 3. mgr. 15. gr. tekur á þeim atriðum sem Landspítali tiltekur í umsögn sinni og höfð verður hliðsjón af þeim athugasemdum sem þar koma fram við setningu reglugerða sem byggðar verða á ákvæðinu.

Einnig vill Landspítali að sett verði ákvæði eða reglugerð þess efnis að þær rannsóknastofur sem teljast hæfar til að sinna rannsóknum á smitsjúkdómum verði að vera vel tækjum búnað og tilbúnað að sinna rannsóknum til þess að greina smitsjúkdóma. Þá vill hann að gert sé ráð fyrir áhættumati og að í því felist að tækjakostur rannsóknarstofa sé yfirfarinn reglulega og að fyrir hendi sé fjármagn til endurnýjunar tækja þegar þörf krefur.

Heilbrigðisráðuneytið bendir á heimildir til reglugerðasetningar í frumvarpinu.

Að lokum segir Landspítali vanta ákvæði varðandi gæðaeftirlit og gæðakröfur skyndiprófa/heimaprófa. Gera þurfi skýrar kröfur til söluaðila, prófgæða, heimaprófanna og í hverju eftirlitshlutverk myndi felast.

Heilbrigðisráðuneytið bendir á að um sjálfspróf gilda lög nr. 132/2020 um lækningatæki og reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/745 og 2017/746. Ákvæði um þessi efni eigi þ.a.l. ekki heima í sóttvarnalögum.

Fagnar því að kveðið skuli verða á um göngudeildir smitsjúkdóma og aðstöðu til einangrunar í 37. gr., enda brýnt gæða og öryggismál. Mikilvægt að ákvæðið verði til þess að fjármagn sé tryggt svo að stofnun geti uppfyllt þá skyldu sem kveðið er á um í ákvæðinu.

Landspítalinn

Landspítali vill í fyrsta lagi að hugtakið „ónæmisáðgerðir“ verði „jarlægt úr 4. gr. frumvarpsins um orðskýringar og þar sem það kemur fram á öðrum stöðum í frumvarpinu og í stað þess komi hugtakið „ónæmisörvun“. Telur Landspítalinn að „ónæmisáðgerðir“ sé gamalt orðtak sem misst hefi gildi sitt við

tilkomu, jölda bygja og efna sem hefi áhrif á stafræmi ónæmiskerfisins. Leggur Landspítali því til að 8. tölul. 4. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

Ónæmisörvun: Skipulögð aðgerð sem örvar ónæmiskerfi einstaklings til að koma í veg fyrir smitsjúkdóm og að smitsjúkdómur dreifist í samfélaginu eða til að halda smitsjúkdómi í skegjum, svo sem með bólusetningu og gjöf mótæfnis.

Einnig yrði „ónæmisáðgerðir“ þá skipt út fyrir „ónæmisörvun“ í 6., 11., 30. og 33. gr. frumvarpsins. Heilbrigðisráðuneytið telur að fallast megi á tillögu Landspítala.

Landspítali bendir á að lagt sé til í frumvarpi að Sóttvarnaráð sé lagt niður í núverandi mynd en í því hefi átt sæti einstaklingar með sérfræðipækkingu á smitsjúkdómum, sýkla- og veirufræði, faraldsfræði, heilsugæslu og sóttvörnum. Samkvæmt 3 mgr. 6. gr. frumvarpsins verði sóttvarnalækni gert heimilt að kveða sér til ráðgjafar sérfræðinga vegna þeirra verkefna sem falli undir hlutverk hans. Landspítali telur nauðsynlegt að sóttvarnalæknir hefi sér til ráðgjafar hóp með viðtæka þekkingu á þessu sviði og ekki einungis á tímum faraldurs. Æskilegt sé að hópurinn sé óháður en ekki að sóttvarnalæknir veji sjáfur til hverra skuli leita líkt og heimilt er skv. 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Heilbrigðisráðuneytið telur að þetta megi skoða en telur ekki þörf á breytingu á ákvæðinu.

Í 7. gr. frumvarpsins er jallað um samstarfsnefnd um sóttvarnir. Landspítali setur spurningamerki við að hvorki sé gert ráð fyrir að í nefndinni si,ji aðili með þekkingu á smitsjúkdómum í mönnum né aðili sem hefur sérþekkingu á greiningu smitsjúkdóma í mönnum. Að mati Landspítala sé það nauðsynlegt til að geta brugðist við á réttan hátt. Þá þykir Landspítala að gæta þufla jefnræðis í kröfum varðandi fagþekkingu nefndarmanna.

Heilbrigðisráðuneytið bendir á að gert er ráð fyrir að sóttvarnalæknir, með sína sérþekkingu, si,ji í nefndinni og verði formaður hennar.

Landspítali gerir jefnframt athugasemdir við skipan farsóttarnefndar skv. 8. gr. frumvarpsins. Þykir Landspítala rétt að gerð sé kröfa um þekkingu allra þeirra fulltrúa sem si,ja í nefndinni, á efninu en ekki hluta þeirra líkt og frumvarpið gerir ráð fyrir. Þá myndi Landspítali vi,ja að bætt væri við nefndina fulltrúa sem hefur þekkingu á greiningu smitsjúkdóma og tengingu við rannsóknarstefur, enda skipti greiningargeta og aðgengi að rannsóknum miklu máli í viðbrögðum við smitsjúkdómum.

Heilbrigðisráðuneytið setur sig ekki á móti tillögunni.

10. gr. frumvarpsins kveður á um samvinnu stöfnana. Í 3. málsl. 1. mgr. 10. gr. segir að sóttvarnalæknir skuli hefa samvinnu við Landspítala vegna sóttvarna, Landspítali telur að betur færi að nota orðið sóttvarnaráðstafanir.

Heilbrigðisráðuneytið setur sig ekki á móti tillögunni.

Í 15. gr. frumvarpsins er jallað um rannsóknarstefur sem greina smitsjúkdóma og að sóttvarnalæknir skuli veita þeim stafræslu en ekki sé getið um kröfur varðandi gæðavottun annað en að ráðherra geti með reglugerð sett skilyrði fyrir leyfi til reksturs. Landspítalinn telur að núverandi lög og reglugerðir um lækningatæki se,ji skýrar kröfur varðandi gæðastærilit og vottun rannsóknarstafa og vill að frumvarpið taki mið af þeim kröfum og leggur Landspítali til breytingu á ákvæði.

Heilbrigðisráðuneytið setur sig ekki á móti tillögunni en bendir á að reglugerðarákvæði 3. mgr. 15. gr. muni taka á þeim atriðum sem Landspítali tiltekur í umsögn sinni og hefur verið hliðsjón af þeim athugasemdum sem þar koma fram við setningu reglugerða sem byggðar verða á ákvæðinu.

Einnig vill Landspítali að sett verði ákvæði eða reglugerð þess efnis að þær rannsóknastofur sem tekið hafa til að sinna rannsóknum á smitsjúkdómum verði að vera vel tækjum búnað og tilbúnað að sinna rannsóknum til þess að greina smitsjúkdóma. Þá vill hann að gert sé ráð fyrir áhættumati og að í því felist að tækjastofur rannsóknarstofna sé yfirfarinn reglulega og að fyrir hendi sé „jármagn til endurnýjunar tækja þegar þörf kræfur.

Heilbrigðisráðuneytið bendir á heimildir til reglugerðasetningar í frumvarpinu.

Að lokum segir Landspítali vanta ákvæði varðandi gæðaeftirlit og gæðakröfur skyndiprófa/heimaprófa. Gera þuafi skýrar kröfur til söluaðila, prófgæða, heimaprófanna og í hveiju eftirlitshlutverk myndi felast.

Heilbrigðisráðuneytið bendir á að um sjálfspref gilda lög nr. 132/2020 um lækningatæki og reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/745 og 2017/746. Ákvæði um þessi efni eigi þ.a.l. ekki heima í sóttvarnalögum.

Fagnar því að kveðið skuli verða á um göngudeildir smitsjúkdóma og aðstöðu til einangrunar í 37. gr., enda brýnt gæða og öryggismál. Mikilvægt að ákvæðið verði til þess að „jármagn sé tryggt svo að stofnun geti uppfyllt þá skyldu sem kveðið er á um í ákvæðinu.

Heilbrigðisráðuneytið tekur undir mikilvægi þess að „jármagn sé tryggt en frumvarp til sóttvarnalaga „jalli ekki um „jármögnun Landspítala.

Landspítali bendir á 38. gr. sem „jallar um öryggisbirgðahald og vill vekja athygli á því að spítalinn hefi ráðist í umtalsverða vinnu við vabirgðalista lyfja. Þannig að rétt sé að litið verði til þeirra vinnu og heft samráð við spítalann þegar að reglugerð verði sett á grundvelli ákvæðisins.

Heilbrigðisráðuneyti tekur undir þá ábendingu.

Landssamtökin Þroskahjálp

Áhersla á samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og í þessu sambandi sérstaklega fólks með þroskahömlun, einhverfs fólks og fólks með aðrar skyldar fatlanir.

Heilbrigðisráðuneytið telur mikilvægt að frumvarpið sé skoðað með hliðsjón af réttindum fatlaðs fólks.

Lyfjastofnun

Gerir athugasemdir við að í 38. gr. frumvarpsins sem fjallar um öryggisbirgðahald lyfja og lækningatækja komi ekki fram fyrirheit eða vísbendingar um hvaða lyf, lækningatæki eða annan búnað skuli halda úti af tilteknum öryggisbirgðum. Leggur Lyfjastofnun til að ráðherra sé gert að setja reglugerð um þau efni.

Heilbrigðisráðuneytið bendir á að í frumvarpinu er gert ráð fyrir reglugerðarheimild en ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við að breyta í skyldu fyrir ráðherra að setja reglugerð.

Lyfjastofnun telur einnig óhjákvæmilegt að fjallað verði um og tekið tillit til reglugerðar ESB 2022/123 í frumvarpsdrögum.

Þar sem reglugerðin hefur ekki enn verið tekin upp í EES-samninginn telur heilbrigðisráðuneytið ekki tímabært að fjalla um reglugerðina í þessu frumvarpi.

Einnig bendir Lyfjastofnun á að samræmi þurfi að vera á milli sóttvarnalaga og 29. gr. lyfjalaga, nr. 100/2020, þar sem sú skylda er lögð á Lyfjastofnun að halda úti á vef sínum lista yfir tiltekin nauðsynleg lyf sem heilðsöluleyfshöfum er skylt að eiga nægar birgðir af.

Ekki er að sjá að ákvæði sóttvarnalaga skarist á við 29. gr. lyfjalaga að mati heilbrigðisráðuneytisins enda skuli Lyfjastofnun birta á vef sínum lista yfir þau tilteknu nauðsynlegu lyf og magn birgða sem um ræðir í samræði við embætti landlæknis. Skylda Lyfjastofnunar nær þ.a.l. til birtingar listans en ekki annars.

Að lokum nefnir Lyfjastofnun að stofnunin sé lögbært stjórnvald á sviði lyfja og lækningatækja. Stofnunin telur aðkomu sína nauðsynlega í samstarfsnefnd sóttvarna, sbr. 7. gr. frumvarpsins og um samvinnu stofnana, sbr. 10. gr. frumvarpsins, enda sé það skylda Lyfjastofnunar að vakta birgðastöðu lyfja og lækningatækja ásamt framboði og eftirspurn þeirra á Íslandi.

Þó að Lyfjastofnun teljist til stofnunar í heilbrigðisþjónustu sem sóttvarnalæknir skal hafa samvinnu við, gerir heilbrigðisráðuneyti ekki athugasemdir við aðkomu Lyfjastofnunar í samstarfsnefnd sóttvarna.

Persónuvernd

Í umsögn Persónuverndar gerir stofnunin athugasemd við að ekki hafi verið litið til skyldu til að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd í frumvarpinu. Telur Persónuvernd ákjósanlegt að slíkt mat sé framkvæmt við undirbúning lagasetningar og forsendur matsins og niðurstöður þess komi fram í lögskýringargögnum.

Persónuvernd telur ljóst að vegna þeirra persónuupplýsinga sem fram koma í frumvarpinu sé skylt að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd vegna þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem lögð er til í frumvarpinu.

Heilbrigðisráðuneytið bendir á að við vinnu við frumvarp vegna breytinga á sóttvarnalögum sem lagt var fram á 151. löggjafarþingi var gert sérstakt mat á áhrifum á persónuvernd. Niðurstaða matsins var að frumvarpið hefði jákvæð áhrif á grundvallarréttindi og hagsmuni skráðra einstaklinga. Sóttvarnaráðstöfunum kann að fylgja umfangsmikil vinnsla persónuupplýsinga, bæði almennra og viðkvæmra, og því mikilvægt að heimildir sóttvarnayfirvalda séu skýrar.

Skýrar heimildir tryggja skilvirkni við beitingu heimilda og gera vinnslu fyrirsjáanlegri og gagnsæri fyrir hina skráðu. Samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, er vinnsla persónuupplýsinga bundin því skilyrði að fyrir hendi sé vinnsluheimild. Vinnsluheimild sóttvarnayfirvalda vegna framkvæmdar sóttvarna byggist þannig á 9. tölul. 11. gr. þeirra laga, að er því varðar viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. 3. eða 5. tölul. 9. gr. sömu laga. Í 9. tölul. 11. gr. nefndra laga er áskilnaður um að vinnsla byggist á lögum og að í lögum sé kveðið á um viðeigandi og sértækar ráðstafanir til að vernda grundvallarréttindi og hagsmuni hinna skráðu.

Heimildir sóttvarnayfirvalda til vinnslu persónuupplýsinga verða óbreyttar frá gildandi lögum, en með frumvarpinu verður kveðið á um ráðstafanir til að lágmarka áhrif á persónuvernd. Þá er í frumvarpinu gerð nánari grein fyrir í hverju vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við sóttvarnaráðstafanir felst og gagnsæi þannig aukið gagnvart hinum skráðu. Þannig er ákvæði um ábyrgð sóttvarnalæknis á vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við sóttvarnaráðstafanir skýrt nánar, kveðið á um öryggisráðstafanir og í tengslum við þær og helstu meginreglur laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sem mikilvægt er að fylgt sé við vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga ítrekaðar.

Að lokum tekur Persónuvernd fram að gert sé ráð fyrir því í frumvarpinu að sóttvarnalæknir geti falið tilteknum aðilum afmörkuð verkefni, svo sem í tengslum við smitrakningu. Telur Persónuvernd að gagnlegt væri að áréttu, t.d. í nefndarátliti, að við slíkar aðstæður geti þurft að huga að gerð vinnslusamnings eða, eftir atvikum, samkomulags um skiptingu ábyrgðar í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og reglugerðir ESB á því sviði.

Heilbrigðisráðuneytið tekur undir ábendingu Persónuverndar hvað varðar áréttingu á því að það gæti þurft að huga að gerð vinnslusamnings ef sóttvarnalæknir felur tilteknum aðilum afmörkuð verkefni, svo sem í tengslum við smitrakningu.

Persónuvernd

Persónuvernd vísar til fyrri umsagna stofnunarinnar um frumvarpið. Nú þegar frumvarpið sé lagt fram í þriðja skiptið sé það njög svo samhjöðað þeirra útgáfu sem lagt var fram í annað skiptið. Persónuvernd sjái ekki ástæðu til að fjalla um einstök ákvæði en bendir á að ekki hafi verið bætt við frumvarpið til samræmis við fyrri umsögn stofnunarinnar ákvæðum um skyldu sóttvarnalæknis til að gera vinnslusamning. Annars áréttar Persónuvernd fyrri umsögn við umrætt frumvarp á 153. löggjafarþingi.

Heilbrigðisráðuneytið tekur undir ábendingu Persónuverndar hvað varðar áréttingu á því að það gæti þurft að huga að gerð vinnslusamnings ef sóttvarnalæknir felur tilteknum aðilum cfmörkuð verkefni, svo sem í tengslum við smitrakningu.

Rauði krossinn á Íslandi

Rauði krossinn telur að ákvæði 16. tölul. 4. gr. sóttvarnalaga sé of víðtækt. Einkum vísar Rauði krossinn til orðalagsins: „eða vill ekki einangra sig í húsnæði á eigin vegum“ og segir það vera of víðtækt. Ekki sé möguleiki að taka á móti öllum sem ekki vilja einangra sig í eigin húsi og leggur til að þær aðstæður, sem aðili getur borið fyrir sig til að einangra sig utan heimilis, séu skilgreindar betur.

Heilbrigðisráðuneytið tekur undir með Rauða krossinum að mögulega væri hægt að skilgreina hugtakið „sóttvarnarhús“ betur.

Heilbrigðisráðuneytið telur ekki þörf á að bregðast við umsögn Rauða krossins er lítur að 14. gr. frumvarpsins.

Að lokum telur Rauði krossinn að orðalag í lokamálslið 1. mgr. 22. gr. um frelsissviptingu: „gripið til annarra viðeigandi aðgerða“ óskýrt. Þá telur Rauði krossinn nauðsynlegt að koma upp skýru verklagi um hvernig aðilar sem ekki eru eiginlegir löggæsluáðilar geta brugðist við slíkum aðstæðum sem um ræðir í 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins. Rauði krossinn telji sig ekki bærán aðila til að framfylgja ákvörðun um frelsissviptingu að óbreyttu.

Heilbrigðisráðuneytið bendir á heimildir til reglugerðarsetningar hvað þetta varðar.

Reykjavíkurborg

Umsögn Reykjavíkurborgar er sambærileg þeirri sem áður hefur komið fram og var tekið tillit til ábendingar um að tilgreina sérstaklega *veferðarþjónustu* í 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins.

Reykjavíkurborg – velferðarsvið borgarinnar vill leggja til að í farsóttanefnd sitji fulltrúi frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar með það að leiðarljósi að horfa sérstaklega til mikilvægra og viðkvæmra málaflokka sviðsins, eins og málefni fatlaðs fólks, málefni eldra fólks o.s.frv.

Í umsögn sinni leggur Reykjavíkurborg áherslu á þann kostnað sem hlýst af framkvæmd sóttvarnalaga sem á að greiðast úr ríkissjóði. Starfsfólk velferðarsviðar borgarinnar hafi lagt sitt af mörkum við að sinna smitrakningu sem oft teygði sig fram á kvöld og helgar, sem fylgir álag og yfirvinnu sem þessu fylgdi. Leggja til að í lögum skuli betur skýrt hver skuli bera kostnaðinn af slíkum umfram launakostnaði.

Ríkislögreglustjóri

